

## 11. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985.

## 12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 370 11. október 1985.

*Landbúnaðarráðuneytið, 25. september 1986.*

**Jón Helgason.**

*Jón Höskuldsson.*

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 261/1983 um fæðingarorlof,  
með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein er verði þriðja málsgrein og orðist svo:

Þegar sérstaklega stendur á vegna heilsufars barns er heimilt að fengnu vottorði læknis sem annast hefur barnið að konan taki hluta af fæðingarorlofi án þess að henni sé skylt að ljúka því í einu lagi. Hvert tímabil má þó ekki vera skemmra en einn mánuður.

## 2. gr.

Síðasta setning 13. gr. fellur brott.

## 3. gr.

3. mgr. 14. gr. orðist svo:

Hvort foreldri sem er getur að ósk móður dvalið hjá barni þennan mánuð.

## 4. gr.

15. gr. orðist svo:

Sé um fleirburafæðingu að ræða, greiðist fæðingarorlof einum mánuði lengur fyrir hvert barn umfram eitt.

## 5. gr.

16. gr. orðist svo:

Greiða skal fæðingarorlof í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanaburð. Með andvanafæðingu er átt við meðgöngu í tuttugu og átta vikur eða lengri tíma, fósturþyngd 1000 gr eða meira og 35 cm lengd fósturs mælt frá hvirfli til ilja.

Sé um að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu, greiðist fæðingarorlof í tvo mánuði.

## 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 97/1980, um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1986.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*